

Velkomin á Rofaborg



Stefna leikskólans, hugmyndafræði /uppeldisleg sýn.

John Dewey

Starf leikskólans fellur mjög vel að uppeldisstefnu Bandaríkjamannsins John Dewey, (1859-1952). Hann lagði áherslu á að börnin ættu að vera virk í leikjum sínum og umhverfi þeirra frjótt og skapandi með hrósi og hvatningu frá fullorðna fólkinu. Sjálfsprottinn leikur barnsins var í senn nám barnsins og útfærsla á reynsluheimi þess.

Dewey vildi að börnin væru virkir þátttakendur í samfélaginu og sýnileg innan þess. Hann lagði ríka áherslu á lifandi tengsl milli skólans og samfélagsins, þar sem barnið væri fært nær heimi fullorðna fólksins

Leikurinn.

Starfsfólk Rofaborgar hefur trú á að börn þroskist best og læri mest í gegnum leikinn. Leikurinn er ennfremur aðalnámstæki leikskólans og besta þroskaleið barnsins. Þess vegna er lögð áhersla á leikinn í uppeldi barnsins og í öllu starfi leikskólans.

Fullorðnir sem fyrirmynd.

Við viljum vera góð fyrirmynd barnanna. Börnin læra það sem fyrir þeim er haft, bæði með athöfnum og orðum. Hvað við segjum og hvað við gerum hefur mikil áhrif á börnin og það gildismat sem þau tileinka sér. Starfsmenn leikskólans og þeir fullorðnu aðilar sem barnið umgengst eru ávallt fyrirmyndir barnanna

Umhyggja.

Við viljum annast börnin af umhyggju og hlýju sem tekur mið af þörfum hvers einstaklings. Við höfum þá trú að það auki sjálfstraust og sjálfsmynd barnsins.

Samskipti


Leikskólinn leggur áherslu á að hafa falleg og gefandi samskipti við börnin. Við trúum því að sjálfsmynd barnanna mótist m.a. af því hvernig við komum fram við börnin, hvernig við tölum við þau og hvernig þau upplifi sig í samskiptum við aðra.

Umhverfi

Starfsfólk vill frjótt og skapandi umhverfi fyrir börnin sem hvetur og hrósar, en hefur jafnframt fastan og skýran ramma. Við teljum að umhverfi barnsins hafi mótandi áhrif á atferli og þroska þess.

Einkunnarorð leikskólans eru

leikur - gleði - vinátta



Markmið Rofaborgar

- ✓ Að efla alla þroskaþætti barnsins gegnum leikinn, sem er jafnframt aðal náms- og kennslutæki leikskólans
 - *Hreyfingroski*
 - *Félagsroski*
 - *Málroski*
 - *Leikroski*

- ✓ Að barnið njóti gleði, öryggis og vellíðan í leikskólanum.

- ✓ Að starfsfólk hafi gefandi og falleg samskipti við börnin.

- ✓ Að hafa góða samvinnu við foreldra.

Foreldrasamstarf.

Leikskólinn leggur áherslu á góða samvinnu við foreldra. Mest er lagt upp úr daglegum samskiptum foreldra og starfsmanna, að þau séu vinsamleg og af virðingu, svo byggja megi upp traust svo áframhaldandi samvinna við foreldra verði góð

Aðlögun nýrra barna:

Það er stórt skref fyrir lítið barn að byrja í leikskóla. Það er nýtt umhverfi, nýtt fólk og mörg börn sem barnið þarf að átta sig á. Til að aðlögun barna að nýju umhverfi verði blíð og áfallalaus er mikilvægt að foreldrar séu virkir þátttakendur í daglegum athöfnum með barninu í leikskólanum fyrstu dagana.

Viðtal: Áður en barnið byrjar í aðlögun koma foreldrar í viðtal án barnsins til leikskólastjóra og deildarstjóra viðkomandi deildar. Þar er gerður skriflegur vistunarsamningur um viðverutíma barnsins í leikskólanum.

Foreldrafundur: Foreldrafundur er á hverju hausti með öllum foreldrum og starfsfólki leikskólans. Þar er farið yfir starfsáætlun leikskólans og starfið eins og það snýr að hverri deild.

Foreldraviðtöl: Foreldraviðtöl eru 1-2 á ári. Þar fyrir utan er foreldrum ávallt velkomið að fá viðtal við leikskólastjóra eða deildarstjóra hvenær sem er.

Opið hús: Sú hefð hefur skapast að hafa opið hús í maí ár hvert. Þá gefst foreldrum tækifæri til að kynna leikskólanum betur og skoða vinnu barnanna.

Foreldraráð: Samkvæmt lögum um leikskóla frá 2008 skal vera starfandi foreldraráð við hvern leikskóla. Kosið skal til eins árs í senn og skulu að lágmarki 3 foreldrar sitja í foreldraráði. Nýtt foreldraráð er skipað á hverju hausti. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og leikskólaráðs um skólanámsskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámsskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldra. Foreldraráð hefur umsagnarétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Foreldrafélag: Á Rofaborg er starfandi foreldrafélag. Stjórn félagsins er skipuð einum fulltrúa frá hverri deild. Stjórn félagsins ákveður fundi og störf þess jafnframt því að sjá um innheimtu og úthlutun úr foreldrasjóði sem foreldrar greiða í.

Starfsmenn leikskólans eru bundnir þagnarskyldu um málefni barnanna og fjölskyldna þeirra. Í lögum nr.58 frá 1992 um vernd barna og unglunga er kveðið á um tilkynningaskyldu starfsmanna leikskóla ef grunur vaknar um vanrækslu og illa meðferð á börnum. Sú tilkynningaskylda gengur framur þagnarskyldunni.

Hagnýtar upplýsingar.

Afmæli

Þegar barn á afmæli er því gert hátt undir höfuð þann dag. Það fær að velja sögu fyrir sögustund, söngva fyrir söngstund og það fær að vera aukapjónn þann daginn. Haldin er stutt afmælisveisla með deildinni og þar fær afmælisbarnið kórónu sem börnin búa til, einnig er flaggað íslenska fánanum. Afmælisbarnið velur leiki til að fara í. Ekki er gert ráð fyrir því að börnin komi með veitingar að heiman.

Fatnaður

Hafið börnin ávallt í þægilegum fötum til hreyfingar og með utanyfirfatnað sem hentar veðráttunni hverju sinni. Vert er að minna á að óþarfi er að koma með mikinn fatnað í leikskólann. Takið einungis með þann utanyfirfatnað sem nota á þann daginn. Of mikill fatnaður getur leitt til þess að hlutirnir ruglast og týnast.

Nauðsynlegt er að hafa með aukaföt daglega, jafnframt minnum við á að merkja fatnað svo starfsfólk og börn eigi auðveldara með að setja hlutina í rétt hólfa. Hlífðarföt sem óhreinkast í útiveru þurfa að fara heim til þvottar.

Ferðir

Börnin í elsta árgangi leikskólans fara í dagsferð á Þingvöll í maí og einnig heimsækja þau Árbæjarsafn fyrir jólin. Þessi árgangur fer einnig í vettvangsferðir á söfn og á aðrar stofnanir samfélagsins á síðasta ári leikskólans. Lengri ferðir eru auglýstar með fyrirvara.

Forföll

Ef börnin eru veik eða ætla að taka frí er gott að láta okkur vita. Sími leikskólans er 567-2290. Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfang leikskólans sem er rofaborg@reykjavik.is

Fréttabréf

Gefin eru út fréttabréf í hverjum mánuði. Í fréttabréfunum eru upplýsingar og skilaboð til foreldra og umfjöllun um faglegt starf í leikskólanum. Fréttabréfin eru send í tölvupósti til foreldra.

Flutningur milli deilda.

Leikskólinn er með aldurskiptar deildar sem skiptast þannig, Svanaland 18 mán - 2 ½, Lóuland og Prastaland með 3- 4 ára og Krummaland og Spóaland með 4-5 ára. Í flestum tilfellum flytja börn milli deilda að sumri eða hausti, það getur þó verið undantekning á því. Gert er ráð fyrir 2 daga aðlögun barns að nýju deildinni eða eftir þörfum hvers og eins. Deildarstjóri eða lykelpersóna kynnir barn og foreldra fyrir deildarstjóra og starfsmönnum nýju deildarinnar og miðlar upplýsingum á milli aðila. Foreldrar fá tækifæri til að heimsækja nýju deildina með barninu áður en það er flutt.

Garðurinn

Garður leikskólans er stór og krefst mikillar yfirsýnar af starfsfólki. Ef börn eru sótt í útiveru, þá gætið þess að kveðja ætíð starfsfólk og loka alltaf garðhliðinu þegar gengið er um.

Heimasíða

Leikskólinn er með heimasíðu. Slóðin inn á síðuna er www.rofaborg.is. Síðan gefur ágætar upplýsingar um heildarstarf leikskólans. Undir myndasafn eru ljósmyndir deilda sem er dýrmætur upplýsingabrunnur um starfið í leikskólanum. Síðan er læst, notendanafn er *blasteinn* og lykilorð er *myndir09*.

Hefðir og hátíðir

Þær hefðir og hátíðir sem leikskólinn tekur þátt í eða sér um eru; jólaball, kirkjuferð, þorablót, sumargleði Rofaborgar, náttfataball, öskudagsball og aðkeypt leiksýning á vegum foreldrafélagsins,

Hólfín

Foreldrar eru vinsamlegast beðnir að fylgjast með kössum barnanna daglega og bæta við aukafötum eftir þörfum. Hlífðarföt sem óhreinast í útiveru þurfa að fara heim til þvottar. Á föstudögum þarf að tæma öll hólf og taka heim allan fatnað og skófatnað.

Leikskólagjöldin

Innheimta leikskólagjaldanna er í höndum Arion banka. Greiðsluseðlar eru sendir út mánaðarlega og eru gjöldin greidd fyrirfram. Gjaldldagi er 1. hvers mánaðar og eindagi er mánuði síðar.

Leikföng að heiman

Leikföng að heiman eiga að öllu jöfnu ekki að koma í leikskólann, nema í undantekningartilfellum. Þó eru bækur alltaf velkomnar.

Lyf:

Ef börnin þurfa á lyfjum að halda ber að haga lyfjagjöf þannig að þau séu gefin heima en ekki í leikskólanum, nema í undantekningartilfellum.

Matseðlar

Boðið er upp á morgunverð, hádegisverð og síðdegishressingu. Þau börn sem dvelja fram yfir hádegi fá hádegisverð. Lögð er áhersla á fjölbreyttan, einfaldan og hollan mat. Matseðlar eru sendir til foreldra í tölvupósti, einnig er hægt að nálgast þá hjá starfsfólki.

Móttaka barna fyrir kl. 8:00

Tekið er á móti þeim börnum sem mæta fyrir kl. 8:00 á morgnana á Svanalandi og Lóulandi. Klukkan átta opna aðrar deildir leikskólans og þá fara börnin á sína deild.

Myndatökur

Leikskólinn á starfænar myndavélar. Talsvert algengt er að barnahópurinn sé myndaður í leik og starfi og myndirnar settar á heimasíðu leikskólans. Tilgangurinn með myndatökum í leikskólanum er að gera leikskólastarfið sýnilegt og það er einnig þáttur í endurmati og upplýsingasöfnun á starfinu. Eitthvað er um að foreldrar fái sendar myndir á tölvutæku formi, sem dýrmæta minningu frá leikólaárunum. Ef myndir birtast á öðrum vettvangi en vettvangi leikskólans eru foreldrar að sjálfsögðu beðnir um leyfi á birtingunni. Þeir foreldrar sem ekki vilja myndatöku á barni sínu eru beðnir um að setja sig í sambandi við leikskólastjóra.

Netföng

Rafræn samskipti við foreldra er einn þáttur í upplýsingagjöf til foreldra. Tilkynningar, fréttabréf og matseðlar eru sendir í tölvupósti, einnig geta foreldrar haft samband á netfangi leikskólans, rofaborg@reykjavik.is.

Ráðgjöf fagaðila vegna barna með sérþarfir.

Sérkennarar og sálfræðingar á þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts eru stuðningsaðilar sem leikskólarnir og foreldrar geta leitað til. Ef grunur vaknar um þroskafrávik hjá barni er í samráði við foreldra leitað til þjónustumiðstöðvarinnar. Leikskólar og foreldrar geta einnig leitað til deildarinnar eftir fræðslu og ráðgjöf. Í flestum tilfellum er um að ræða frumgreiningu á þroskafrávikum barna og ráðgjöf við starfsfólk og foreldra.

Reiðhjól og hjólaskautar

Tvíhjól og línuskauta getum við ekki leyft á leikskólalóðinni. Reiðhjól og hlaupahjól þarf að geyma í hjólagrindum fyrir framan leikskólann.

Samstarf við stofnanir

Leikskólinn hefur samskipti við ýmsar stofnanir eins og t.d. heilsugæsluna, grunnskóla, Greiningarstöð ríkisins, Félagsþjónustuna, Þroska- og hegðunarstöð, Talþjálfun Reykjavíkur, Sjúkrþjálfun og Barnavernd Reykjavíkur.

Samstarf við grunnskóla

Leikskólinn hefur samstarf við yngri barna stig Árbæjarskóla. Markmið samstarfsins er að skapa eðlilega samfellu í námi nemenda á þessum skólastigum og stuðla að vellíðan og öryggi barnanna við flutning milli skólastiga.

Símaskrár

Talsvert er um að foreldrar byðji starfsfólk um símanúmer hjá vinum barna sinna. Við lítum á símanúmer fólks sem trúnaðarupplýsingar. Þess vegna biðjum við um leyfi foreldra til að gefa út símaskrá fyrir hverja deild.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar leikskólans eru 6 á ári. Þessa daga er leikskólinn lokaður en starfsfólkið er eigi að síður að störfum. Skólaárið 2012-2013 verða 5 heilir dagar og 4 dagar þar sem leikskólinn lokar kl. 15:00 vegna starfsmannafundar. Dagsetningar eru í starfsáætlun leikskólans og einnig í leikskólanum.

Snjóbotur og sleðar

Stýrisleðar eru ekki hentugir þar sem mörg börn eru saman komin. Við getum því ekki leyft þá á leikskólanum. Leikskólinn á snjóbotur og því óþarfi að koma með þær að heiman.

Sumarleyfi

Leikskólinn lokar í 2- 4 vikur á tímabilinu júní - ágúst, vegna sumarleyfa. Sumarleyfistími leikskólans er ákveðinn í samráði við foreldraráð og starfsmenn. Öll börn þurfa að taka 4ra vikna samfellt sumarleyfi. Á meðan börnin eru í sumarleyfi er ekki greitt leikskólagjald.

Tryggingar

Börn í leikskólum Reykjavíkurborgar eru ekki sérstaklega vátryggð, heldur ber borgin sjálf alla ábyrgð á tjóni eða slysum sem börn í leikskólum verða fyrir.

Umgengni

Gangið ávallt vel um leikskólann og notið hlýfðarskó ef farið er inn í leikstofurnar. Fataklefinn er andlit leikskólans og því afar mikilvægt að það sé vel gegnið um hann og hann snyrtilegur.

Uppsagnafrestur

Ef barnið þarf að hætta í leikskólanum verður að segja plássinu upp með eins mánaðar fyrirvara. Uppsögn skal miðast við mánaðarmót eða 15. hvers mánaðar. Uppsögn þarf að berast leikskólastjóra skriflega á þar til gerðum eyðublöðum.

Útivera og sýkingar.

Íslensk veðráttá er rýsjótt og umhleypingasöm en við fáum því ekki breytt. Þess vegna er íslenskum börnum hollast að venjast veðráttunni eins og hún er. Sum börn eru kulsæl að eðlisfari en önnur eru heitfeng. Við val á klæðnaði er sjálfsagt að taka tillit til þess.

Smitsjúkdómar og sýkingar eru vel þekktar í leikskólum. Það er ekkert sem bendir til þess að börn sýkist fremur í útilofti en innandyrá. Börn sem dvelja mikið inni að óþörfu eru oft kulsælli en önnur börn og þau missa einnig af hollu og eðlilegu samneyti við félagá sína.

Veikindi og slys

Veikist barnið í leikskólanum eða verði fyrir meiðslum er strax haft samband við foreldra. Við öllum tilvikum er brugðist við eftir bestu vitund hverju sinni. Ef ástæða þykir er barninu strax komið undir læknishendur. Mikilvægt er að starfsfólk sé með rétt símanúmer hjá báðum foreldrum. Látið okkur strax vita ef símanúmer breytast.

Ráðlagt er að börn sem eru veik dvelji að minnsta kosti 1 -2 daga hitalaus heima áður en þau koma í leikskólann. Það er sjálfsagt að halda börnunum inni þegar þau eru að ná sér eftir veikindi. Hafið þá samráð við starfsfólk. Hvert tilvik er metið í samráði við foreldra og við högum inniveru eftir því hvað hentar barninu hverju sinni.

Vistunarsamningar

Leikskólinn er opinn frá kl. 7:30.- 17:00. Boðið er upp á 4, 5, 6, 7, 8 og 9 tíma vistun. Í upphafi leikskólavaldarinnar er gerður skriflegur vistunarsamningur um viðverutíma barnsins. Mikilvægt er að umsaminn viðverutími sé virtur og börnin sótt á réttum tíma. Sótt er um breytingar á viðverutíma barnanna á Rafrænni Reykjavík.

Aukaföt í leikskólann.

Aukafatnaður barnanna er geymdur í plastkössum fyrir ofan hólfíð. Þess vegna er óþarfi að koma með leikskólatösku.

Hvað þarf að vera í aukafatakassanum ?

Aukaföt

<input type="checkbox"/>	Nærbolur / Samfella
<input type="checkbox"/>	Nærbuxur
<input type="checkbox"/>	Sokkar
<input type="checkbox"/>	Sokkabuxur
<input type="checkbox"/>	Langermabolur
<input type="checkbox"/>	Peysa
<input type="checkbox"/>	Buxur
<input type="checkbox"/>	Auka húfa
<input type="checkbox"/>	Auka vettlingar
<input type="checkbox"/>	Auka ullarsokkar

Gangið vel um hólf barnanna og geymið ekki fatnað eða töskur ofan á kössunum

